

**75. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
15. janúar 2018 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1709090 - Aðalsk. Akraneshöfn**

Skipulagslýsing lögð fram til kynningar.

*Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Akraneshafnar.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.*

**2. 1801145 - Deilisk. - Flóahverfi, breyting**

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu.

*Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Flóahverfi unnin er af Teknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.*

*Í breytingu á deiliskipulagi er lögð til tímabundin heimild fyrir starfsmannabúðir.*

*Ennfremur er lögð til breyting á skipulagi götu við Lækjarflóa og breyting á lóðum til samræmis.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan ásamt breytingarblaði vegna eldra deiliskipulags verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagsлага.*

**3. 1710151 - Kalmansvellir 6 - umsókn um byggingarleyfi**

Grenndakynnt var í skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Grenndakynnt var frá 12. des. 2017 til og með 2. jan. 2018, engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**4. 1708036 - Suðurgata 115 bílskúr - grenndarkynning.**

Grenndakynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. Skipulagsлага nr. 123/2010.

Grenndarkynningin fór fram frá 27. nóvember til og með 18. desember 2017. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*



**5. 1712089 - Ægisbraut 2 - lóðarleigusamningur**

Lóðarleigusamningur fyrir Ægisbraut 2, rann út 9. janúar 2017, samningurinn var gerður til 20 ára frá 9. jan. 1997 til 9. jan. 2017. Eftirfarandi kvöð er á lóðinni í lóðarleigusamningi: Samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá 1. ágúst 2002 "er ekki leyft að byggja á lóðinni nema smábyggingar sem tengjast íþróttar- og leiksvæðinu s.s. snytingar, smáhús þar sem seldar eru léttar veitingar, grillaðstaða og fleira." Óskað er eftir heimild til að fram lengja lóðarleigusamninginn.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir endurnýjun á samningi til 20 ára.*

**6. 1702037 - Viðhald fasteigna - styrkir 2017**

*Farið var yfir stöðu styrkveitinga árið 2017.*

**7. 1703035 - Þéttung byggðar í eldri hverfum**

*Byggingarfulltrúi fór yfir hugmyndir um þéttingu byggðar. Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir góða kynningu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:50.**

Einar Þorðarson  
Rakel Óskarsdóttir  
Kristín Sigurgeirs Þ.  
Valgerður Þ. Þorðarson  
Sig. P. H.  
Steður Þ. Steinðórss  
Sindri Þorláksson  
Halldís Sigurbjörnsdóttir.